



Orkuveita Húsavíkur
Ketilsbraut 9
640 HÚSAVÍK

Reykjavík, 02. nóvember 2007
Tilvísun: 2007030007
Bréfalykill: 50.4.3

Efni: Leyfi til að nýta jarðhita við Skjálftavatn í landi sem er í eigu Landgræðslu ríkisins.

Orkustofnun fékk til umsagnar í mars sl. umsókn um leyfi til að nýta jarðhita við Skjálftavatn og óskaði þá eftir frekari upplýsingum um niðurstöður rannsókna (borana). Þær bárust Orkustofnun þann 1. nóvember sl.: Greinargerð ÍSOR-07262. Borholan sem um er að ræða er talin gefa um 17 l/s af 74 °C heitu vatni. Í bréfi til iðnaðarráðuneytis þann 9. jan. sl. er beiðni Orkuveitu Húsavíkur orðuð á eftirfarandi hátt: *Orkuveita Húsavíkur óskar eftir nýtingarleyfi á jarðhita við Skjálftavatn í Norðurþingi á svæði sem er skilgreint í rannsóknarleyfi til Orkuveitu Húsavíkur dagsettu 19. des. 2006. Orkuveita Húsavíkur boraði rannsóknarholu á þessu svæði haustið 2005 sem gefur nú um 13 l/s af 76 °C heitu vatni sem hentar vel til hitaveitu á þá ca. 15 bæi sem eru í næsta nágrenni við holuna.*

Orkustofnun telur að nýtingarleyfi verði að vera afmarkað við ákveðna vinnslu úr svæðinu, og telur eðlilegast að sótt sé um að fá að nýta tiltekinn hrávarma (MWth), t.d. með því að gefa upp magn og áætlað hitastig innan þess svæðis þar sem fyrirtækið hefur tryggt sér vinnsluréttindi. Bent skal á að nauðsynlegt er að fyrirtækið gangi frá samningum við réttthafa auðlindarinnar áður en vinnsla getur hafist.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir

Afrit sent til:
Iðnaðarráðuneytið
Landgræðslan